

Flokkunarviðmið efna í blöndu vegna tilkynninga í flokkunar- og merkingaskrá.

Þegar taka skal afstöðu til þess hvort tilkynna eigi innihaldsefni í blöndu þarf að finna út hvort styrkur efnisins sé yfir flokkunarviðmiðunum. Algengast er að miðað sé við þröskuldsgildi efnanna (cut-off value) en einnig getur þurft að gefa gaum að styrkleikamörkum efna (sértæk eða almenn) og styðjast við þau ef þau eru lægri en þröskuldsgildin. Taka verður tillit til M-stuðla sem eiga við um sem efni sem eru hættuleg lífríki í vatni. Ætlast er til að stuðst verði við flokkunarviðmið í samræmi við CLP en að öðrum kosti reglugerð nr. 236/1990.

Almenn þröskuldsgildi eru gefin upp fremst í B-hluta í fylgiskjali 5 (236/1990) og í töflu 1.1 í viðauka I (CLP) sem birt er hér fyrir neðan.

Sértæk styrkleikamörk eru gefin upp fyrir efni í efnalistunum í viðauka VI þar sem það á við (t.d. metanól 3 %).

Almenn styrkleikamörk eru gefin upp í töflum í viðauka I (CLP) þar sem þau eiga við og í fylgiskjali 5 í reglugerð nr. 236/1990.

Almenn þröskuldsgildi og styrkleikamörk í CLP reglugerð (bls. 38 og víðar í viðauka I):

Bráð eiturrif (acute toxicity) 1-3	0,1 %	Eiturrif á æxlun 1A, 1B	0,3 %
Bráð eiturrif (acute toxicity) 4	1 %	Eiturrif á æxlun 2	3 %
Húðæting (skin corrosion) 1A, 1B, 1C	1 %	Áhrif vegna barna á brjósti	0,3 %
Húðerting (skin irritation) 2	1 %*	STOT-SE*** 1	1 %
Alvarlegur augnskaði (serious eye damage) 1	1 %*	STOT-SE*** 2	10 %
Augnerting (eye irritation) 2	1 %*	STOT-RE*** 1	1 %
Næming öndunarfæra (respiratory sensitisation) 1	1 % 0,2%**	STOT-RE*** 2	10 %
Húðnæming (skin sensitisation) 1	1 %	Ásvelgingarhætta (aspiration tox.) 1	-
Veldur stökkbreytingum 1A, 1B	0,1 %	Hættulegt fyrir vatnsumhverfi 1	0,1 %
Veldur stökkbreytingum 2	1 %	Hættulegt fyrir vatnsumhverfi 2-4	1 %
Veldur krabbameini 1A, 1B	0,1 %	Hættulegt ósonlaginu	0,1 %
Veldur krabbameini 2	1 %		

* getur eftir atvikum verið miðað við 3 %

** gildir um efni í blöndu á loftkenndu formi

*** Sértæk eiturrif á marklíffæri – áverkun í eitt skipti/endurtekin áverkun

Dæmi:

Metanól hefur þröskuldsgildið 0,1% (bráð eiturrif 3) og sértæk styrkleikamörk (STOT-SE 2) 3% skv. efnalista í viðauka VI. Viðmið fyrir tilkynningu er því 0,1%.

Saltsýrulausn hefur þröskuldsgildið 1% (húðæting 1B og alvarlegur augnskaði 1) og sértæk styrkleikamörk 10%. Viðmið fyrir tilkynningu er því 0,1%.

Almenn viðmiðunarmörk og styrkleikamörk samkvæmt gömlu flokkuninni í reglugerð 236/1990:

Sterkt eitur (Tx) og eitur (T)	0,1 %	Sterkt eitur (Tx) og eitur (T) - loftkennt	0,02 %
Hættulegt heilsu (Xn) og ertandi (Xi)	1 %	Hættulegt heilsu (Xn) og ertandi (Xi) - loftkennt	0,1 %
Ætandi (C)	1 %	Ætandi (C) - loftkennt	0,02 %
Hættulegt umhverfinu (N; H51/53)	2,5%	Hættulegt umhverfinu (H52, H52/53)	25%
Hættulegt umhverfinu (N; H50, H50/53)	0,25%*	Hættulegt umhverfinu (H53)	25%

* Fer þó algjörlega eftir LC₅₀ eða EC₅₀ gildi. Ef það er ≤ 0,0001 þá er miðað við 0,000025% styrk. Sjá töflu á bls. 59 í reglugerð nr. 236/1990.